

## IV. KAFLI

**Gildistaka.**

24. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir hafnir Ísafjarðar er samþykkt af hafnarstjórn Ísafjarðarbæjar 9. nóvember 2004, skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004 til þess að öðlast þegar gildi.

*Hafnarstjórinn á Ísafirði, 31. janúar 2005.*

**Guðmundur M. Kristjánsson.**

## AUGLÝSING

**um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 1/2005  
um lofthæfifyrirmæli.**

Með vísan til 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir með síðari breytingum og til ákvæða reglugerðar nr. 326/2000 um flugmálahandbók útgefna af Flugmálastjórn Íslands, hefur Flugmálastjórn ákveðið að allir umráðendur loftfara, skráðra á Íslandi, skuli tryggja sér aðgengi að og fylgja lofthæfifyrirmælum (Airworthiness Directives) frá því ríki/ríkjum sem loftfarið er hannað í (State of Design) og eða ríki/ríkjum, sem gefa út tegundarskírteini (State of Type Certificate Holder). Þó ber að fylgja útgáfum Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA) þegar þær verða til. Ákvörðun þessari til grundvallar liggja ákvæði c-liðar 2. mgr. 20. gr., 2. mgr. 22. gr. og 26. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998.

Ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands er birt í heild sinni í flugmálahandbók Flugmálastjórnar, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands). Hún kemur í stað ákvörðunar nr. 2/2000, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 815/2000 sem fellur úr gildi.

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 4. febrúar 2005.*

**Porgeir Pálsson** flugmálastjóri.

## AUGLÝSING

**um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 2/2005  
um kóðun neyðarsenda á tíðninni 406 Mhz.**

Með vísan til 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir með síðari breytingum og til ákvæða reglugerðar nr. 326/2000 um flugmálahandbók útgefna af Flugmálastjórn Íslands, hefur Flugmálastjórn ákveðið að allir neyðarsendar á tíðninni 406 Mhz í loftförum skráðum á Íslandi skuli kóðaðir samkvæmt sérstökum reglum.

Ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands er birt í heild sinni í flugmálahandbók Flugmálastjórnar, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands). Hún kemur í stað ákvörðunar nr. 4/2003, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1048/2003 sem fellur úr gildi.

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 4. febrúar 2005.*

**Porgeir Pálsson** flugmálastjóri.

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Grindavík.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Grindavíkur, þann 9. febrúar 2005, samþykkt deiliskipulag Norðurhverfis í Grindavík.

Deiliskipulagið tekur til svæðis sem afmarkast af Víkurbraut til austurs og Austurvegi til norðurs og gerir ráð fyrir íbúðabyggð.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*F.h. bæjarstjórnar Grindavíkur, 14. febrúar 2005.*

**Guðni Þór Gunnarsson**, byggingarfulltrúi Grindavíkur.

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Mosfellsbæ.

*Breyting á deiliskipulagi fyrir Víðigrund I og II í Mosfellsdal.*

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar, hefur á fundi sínum þann 8. desember 2004, samþykkt breytingu á deiliskipulagi fyrir Víðigrund I og II, sem er hluti af deiliskipulagi fyrir Laugabólslund, í samræmi við 1. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Breytingin felst í því að innbyrðis stærð lóðanna hefur verið breytt, jafnframt því sem heimilt er að á hvora lóð komi eitt íbúðarhús. Aðkomuvegi er breytt til samræmis við breytingar á lóðarmörkum.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 11. febrúar 2005.*

**Tryggvi Jónsson** bæjarverkfræðingur.